

Kirkjuþing 2020-2021

39. mál-þskj. 65

T I L L A G A

**að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um prófasta nr. 966/2006,
með síðari breytingum.**

(Lagt fyrir 60. kirkjuþing 2020-2021).

Flutt af löggjafarnefnd.

Frsm. Anna Guðrún Sigurvinsdóttir.

1. gr.

Í stað orðsins „Ríkisendurskoðunar“ í 2. mgr. 17. gr. starfsreglnanna kemur: kjörinna endurskoðenda.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Í viðbótarsamningi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar frá 6. september 2019 segir í 3. gr. að þjóðkirkjan hafi sjálfstæðan fjárhag, beri fulla ábyrgð á eigin fjármálum og ákveði sjálf fjölda starfsmanna sinna. Í 4. gr. segir að þjóðkirkjan skuli sjálf annast alla launvinnslu, bókhald og launagreiðslur til starfsmanna sinna frá 1. janúar 2020. Endurskoðun reikninga kirkjunnar verði ríkinu óviðkomandi frá sama tímamarki. Þessari tilhögun og fyrirkomulagi var svo komið á með lögum nr. 153/2019.

Þetta þýðir að lög um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga nr. 46/2016 eiga ekki lengur við um starfsemi þjóðkirkjunnar og því nauðsynlegt að fella niður orðið Ríkisendurskoðun úr starfsreglum settum af kirkjuþingi.

Ársreikningar þjóðkirkjunnar verða því frá 1. janúar 2020 endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem kirkjuþing kýs sjálf eða staðfestir kjör þess sem fyrir er, á vorþingi ár hvert en ekki af Ríkisendurskoðun.